

## AUGLÝSING

### um gildistöku ákvörðunar Flugmálastjórnar Íslands nr. 6/2005.

Flugmálastjórn hefur ákveðið að þann 1. janúar 2006 skulu reglur JAR-OPS 3, breyting 3 (Amendment 3, Corrected) um flugrekstur með þyrlum sem gefnar voru út þann 1. júlí 2004 taka gildi gagnvart íslenskum flugrekendum. Reglur þessar hafa verið unnar á vettvangi Flugöryggissamtaka Evrópu, JAA. Munu þær taka gildi í heild sinni að Q-kafla, um vinnu- og hvíldartíma, undanskildum. Samhliða falla úr gildi ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands nr. 1/2000, nr. 3/2000 og 1/2001 sama efnis.

Ákvörðun þessi er birt í heild sinni í flugmálahandbók Flugmálastjórnar Íslands, 3. deild (Ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands). Auglýsingin öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 20. desember 2005.*

**Borgeir Pálsson** flugmálastjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 5. janúar 2006